



2010

Þjóðarspeggillinn

Könnun meðal veiðimanna á útgjöldum vegna skotveiða

Stefán Sigurðsson

Viðskiptafræðideild
Ritstjóri: Ingjaldur Hannibalsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-07-5



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Könnun meðal veiðimanna á útgjöldum vegna skotveiða

Stefán Sigurðsson

Könnun þessi er hluti af stærra verkefni sem nefnist North Hunt. Verkefnið er hluti af samnorrænu verkefni og fékk það styrk frá Norðurslóðaáætlun ESB (European Commission's Northern Periphery Programme). Markmið Norðurslóðaáætlunar ESB eru m.a. að hvetja til nýsköpunar og aukinnar samkeppnishæfni í dreifbýli um leið og lögð er áhersla á sjálfbærni náttúru og samfélags. Þátttökupjóðir í North Hunt eru Finnland, Svíþjóð, Ísland, Skotland og Kanada (North hunt, 2010).

Greinarhöfundur hefur stundað skotveiðar á þriðja áratug og á þeim tíma hefur áhugi á skotveiðum vaxið umtalsvert, sérstaklega á seinni árum. Bændur og aðrir landeigendur hafa ekki farið varhluta af þessum aukna áhuga skotveiðimanna. Þar hafa þessir aðilar séð sóknarfæri og möguleika til verðmætasköpunar (Sigríður Jóhannesdóttir, Eiríkur Blöndal og Árni Snæbjörnsson, 2006).

Fremur takmarkaðar upplýsingar eru til um efnahagsleg áhrif skotveiða og enn fremur eru þær upplýsingar, sem til eru misgamlar. Vísbindingar eru til staðar um efnahagsleg áhrif á skotveiðitengda ferðaþjónustu. Á Austurlandi eru skotveiðar að stórum hluta í tengslum við hreindýrveiðar. Þessar veiðar eru taldar hafa umtalsverð áhrif á efnahag og ferðaþjónustu á svæðinu á veiðitímanum.

Í þessari grein verða kynntar helstu niðurstöður könnunar sem var framkvæmd meðal íslenskra skotveiðimanna. Markmiðið var m.a. að afla upplýsinga um fjárhagsleg útgjöld skotveiðimanna og meta efnahagsleg áhrif þeirra. Í grein þessari verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar með aðaláherslu á útgjöld vegna skotveiða ásamt því að gerður er samanburður við eldri gögn.

Aðferðarfræðin

Markmiðið með þessari könnunar er að leita að mynstri, hugmyndum eða tilgátum í stað þess að sannreyna fyrirframgefna tilgátu. Að þessu leyti er rannsóknin leitandi (*exploratory*) (Collins og Hussey, 2003). Spurningalistinn var aðgengilegur á netinu, en þá hafa þeir sem fara inn á netið tvo kosti í stöðunni, að svara spurningalistanum eða ekki.

Framkvæmd könnunarinnar

Könnunin náði yfir árið 2009. Hún samanstóð af 39 spurningum ásamt nokkrum undirspurningum. Spurt var m.a. um hvaða bráð væri mest veidd, á hvaða veiðisvæði væri helst veitt, hversu oft væri farið til veiða, hve langar veiðiferðir væru, hvers konar gistimáti væri notaður í lengri veiðiferðum, hverjir væru helstu veiðifélagar, hve miklu var eytt, hvar því var eytt, hvers konar þjónusta var keypt og fleiri af sama toga.

Þeir sem stunda skotveiðar hér á landi þurfa að vera orðnir tvítugir og vera handhafar skotvopnaleyfis og veiðikorts. Veiðikortið gildir í eitt ár og þarf því að endurnýja það. Þegar skotveiðimenn skiluðu inn veiðiskýrslu fyrir árið 2009 og sóttu jafnframt um nýtt veiðikort á slóðinni: <https://www.veidistjori.is/fmi/iwp/cgi?-db=-veidikort&-loadframes> til veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar (UST) þá var í lok

Þessi ferlis vakin athygli á skotveiðikönnuninni. Þaðan var hægt að komast beint inn á síðu fyrir þessa könnun. Árið 2009 voru gefin út 12.421 (Umhverfisstofnun, 2010a) veiðikort þar af 12.227 til skotveiðimanna með íslenskt heimilisfang. Árið 2009 skiludu um 80% skotveiðimanna veiðiskýrslum inn rafrænt á þessari slóð og sóttu jafnframt um nýtt veiðikort. Því var það metið svo að vekja mætti athygli um 9.800 skotveiðimanna á þessari könnun. Þessi hópur var því þýðið í könnuninni. Könnunin varð aðgengileg á sama tíma og skilavefur veiðistjórnunarsviðs UST opnaði, sem var þann 19. janúar 2010 og var opin til 1. apríl. Þegar upp var staðið þá höfðu 491 svarað þessari könnun eða um 5% af þýðinu.

Kostir og gallar könnunarinnar

Það eru bæði kostir og gallar þegar notuð er vefkönnun. Kostirnir eru m.a. minni kostnaður, hvorki þarf að leggja út fyrir póstburðargjöldum né prentkostnaði og ekki heldur kostnaði vegna spyrna. Kannanir sem ná til stórs hóps kosta ekkert meira en kannanir sem ætlaðar eru litlum hópi. Aðgangur að svarendum er óháð búsetu þeirra. Vefkönnun hentar stórum hópi áhorfenda (notenda) þar sem allir þeir sem heimsækja ákveðna vefsíðu hafa sama möguleika á að taka þátt í könnuninni. Skammur viðbragðstími er einn af kostum vefkönnunar. Svörin við vefkönnun berast strax til umsjónaraðila hennar. Hægt er að forrita spurningalistann þannig að svörin fara sjálfkrafa í hugbúnaðinn sem greinir þau. Þetta sparar tíma og kemur jafnframt í veg fyrir villur við innslátt í hugbúnaðinn með meðfylgjandi afritunarvillum. Einn af göllumum er sá hvort þeir sem svara vefkönnun eru dæmigerðir fyrir þýðið. Einnig er oft hægt að svara vefkönnunum aftur og aftur (Ilieva, Baron og Healey, 2002).

Greinarhöfundur sér í þessari könnun bæði kosti þá og galla sem hér að framan er vitnað í en það er mat hans að gallarnir séu minniháttar og hafi ekki marktæk áhrif á könnunina.

Bakgrunnur svarenda

Á töflu eitt eru bakgrunnsupplýsingar um svarendur. Þar sést að um 96% svarenda eru karlar og um 4% eru konur. Þetta hlutfall er svipað hlutfalli kynjanna sem voru með fullgild veiðikort árið 2009 (Steinar Rafn Beck, tölvupóstur, 3. maí 2010). Fjöldi svarenda á aldrinum 30 – 39 og 40 – 49 er svipaður. Meðalaldurinn er 42 ár. 87% svarenda er giftur eða í sambúð. Algengasta menntunin er háskólamenntun eða um 41%.

Í þessari könnun var búsetu skipt niður eftir póstnúmerum eins og fram kemur í töflunni. Um 62% svarenda er búsett á suðvestur horninu eða í póstnúmeri 100 - 299. En samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni búa um 70% landsmanna á þessu svæði (Hagstofa Íslands, 2010). Þetta hlutfall svarenda í könnuninni er í samræmi við búsetudreifingu skotveiðimanna skv. upplýsingum frá veiðistjórnunarsviði (Steinar Rafn Beck, tölvupóstur, 5. apríl 2010).

Tafla 1. Bakgrunnsupplýsingar svarenda

	Fjöldi	Hlutfall
Kyn		
kk.	461	96,2%
kvk.	18	3,8%
Aldur		
20-29	64	13,1%
30-39	150	30,7%
40-49	160	32,8%
50-59	85	17,4%
≥ 60	29	5,9%
Hjúskaparstaða		
EInstaklingur/fráskilinn ekkja/ekkill	62	13,0%
Gifur / í sambúð	414	87,0%
Menntun		
Grunnskóla- eða gagnfræðapróf	83	17,3%
Próf í iðngrein	121	25,2%
Stúdentspróf	31	6,5%
Háskólapróf	199	41,5%
Annað en ofantalið	46	9,6%
Búseta		
Póstnúmer 100-299	302	61,9%
Póstnúmer 300-399	25	5,7%
Póstnúmer 400-499	12	2,5%
Póstnúmer 500-599	16	3,3%
Póstnúmer 600-699	63	12,9%
Póstnúmer 700-799	46	9,4%
Póstnúmer 800-900	24	4,9%

Veiðar á hreindýrum árið 2009

Saga hreindýra á Íslandi er ekki gömul. Fyrstu hreindýrin voru flutt til landsins frá Finnmörku í Noregi árið 1771. Næstu tvo áratuginu voru fluttir inn litlir hópar þeirra. Þau voru sett á land í Vestmannaeyjum, á Suður- og Suðvesturlandi, á Norðausturlandi og á Austurlandi. Þessi dýr voru háltamin og hugmyndin með þessum innflutningi var að láta íslenska bændur kynna hreindýrabúskap. En engin áhugi virðist hafa verið fyrir þessari nýjung í búskaparháttum og þessi dýr urðu fljótt villt. Hreindýrunum fjölgaði og þar kom að bændur tóku að líta á þau sem ógnun þar sem þau voru í samkeppni við búsmalann um beit. Á tímabilum í sögu þessara dýra voru þau ofsótt. Smám saman fækkaði hreindýrunum og að lokum var svo komið að aðeins lítill hópur þeirra var eftir á afskekktu svæði á hálendinu norðan Vatnajökuls. Talið er að harðir vetur, hagleysa og ofbeit í vetrarhögum hafi ráðið þar mestu um (Helgi Valtýsson, 1945) Náttúra Austurlands virðist hins vegar henta þeim mjög vel.

Kjörsvæði þeirra þar er á hálendinu norðan og norðaustan við Vatnajökul og á Austfjörðum (Náttúrufræðistofa Austurlands, 2010) .

Niðurstöður könnunarinnar

Árið 2009 var fjöldi útgefinna hreindýraveiðileyfa 1.333 (Umhverfisstofnun, 2010b). Fjöldi svarenda sem fór á veiðar þetta ár var 163 eða um 12%. Í töflu 2 eru niðurstöður við spurningunni: Vinsamlega áætlaðu hversu miklum fjármunum þú eyddir í tengslum við hreindýraveiðiferðina.

Tafla 2. Áætluð eyðsla


	Meðaltal í kr.	Staðalfrávik í kr.	N
Matur og drykkur	15.443	15.282	175
Gisting	8.908	12.006	158
Eldsneyti	23.229	17.790	168
Flugfar / áætlunarbíll	5.336	15.524	119
Leiga á bíl / sexhjóli	8.564	17.056	141
Veiðileyfi	67.444	32.006	177
Veiðibúnaður	34.906	47.925	160
Fatnaður	17.101	28.350	144
Leiðsögn	23.772	16.559	169
Minjagripir	1.752	8.086	137
Skyndihjálparbúnaður	907	3.168	135
Afþreying	2.247	5.049	148
Annað	7.887	11.670	142
Samtals	217.497		

Tafla tvö sýnir meðalupphæð útgjalda í hvern þessara kostnaðarliða. Mestu var eytt í veiðileyfið eða 67.44. Meðalverð veiðileyfa samkvæmt upplýsingum frá UST var 69.921 (Steinar Rafn Beck, tölvupóstur, 5. mars 2010). Í veiðibúnað var eyðslan 34.906, í leiðsögn 23.772, í eldsneyti 23.229, í fatnað 17.101 og í mat og drykk 15.443. Í öðrum liðum voru útgjöld lægri. Í töflunni sést að staðalfrávik er hátt. Ástæða þess er m.a. að svarmöguleikarnir voru gefnir upp í verðbilum. Lægsti svarmöguleikinn var 0 kr., síðan 1 – 5.000, 5.001 – 10.000, 10.001 – 15.000, 15.001 – 20.000, 20.001 – 30.000, 30.001 – 40.000, 40.001 – 50.000, 50.001 – 75.000, 75.001 – 100.000, > 100.000. Fjöldi svarenda í hverjum kostnaðarlið er einnig mismikill eða 119 til 175. En aðeins þeir sem fóru á veiðar árið 2009 áttu að svara þessari spurningu en fjöldi þeirra var 163. Ef þessar tölur eru lagðar saman þá kemur í ljós að meðalútgjöld svarenda vegna hreindýraveiða árið 2009 voru 217.497 kr. Þegar verð á veiðileyfinu er dregið frá þessari tölu þá eru útgjöldin 147.576 kr.

Skotveiðifélag Íslands (Skotvís) gaf út bækling 2010 sem nefnist *Fjölgun hreindýra* (Skotveiðifélag Íslands, 2010). Þar kemur fram að óbeinar tekjur af hreindýraveiðimönnum fyrir árið 2009 séu áætlaðar um 100 milljónir. Þessi tala byggir m.a. á meðaleyðslu ferðamanna í kostnaðarliði eins og gistingu, eldsneyti, veitingar, innkaup í matvöruverslunum, ÁTVR og afþreyingu. Jafnframt var rætt óformlega við veiðimenn um bifreiðakostnað þegar veiðimenn voru á eigin bifreiðum við hreindýraveiðarnar (Sigmar B. Hauksson munnleg heimild, 14. júlí 2010). Þegar teknar eru saman upplýsingar úr könnuninni 2010 um eftirfarandi kostnaðarliði: mat, drykki og veitingar, gistikostnað, flugfar/rútufar, eldsneyti, minjagripir og afþreyingu þá er þessi upphæð um 60 milljónir. Erfitt er að fullyrða hvort þessar tölur séu að öllu leyti sambærilegar

Þar sem greinarhöfundur er ekki með nákvæma sundurliðun á þeim kostnaðarliðum sem liggja til grundvallar tölunni úr bæklingi Skotvís.


Einnig var spurt í könnuninni: Hvað kostaði heildarpakkinn sem þú greiddir leiðsögumanninum 2009?



Mynd 1. Hversu mikið greitt til leiðsögumanns?

Á mynd eitt sést að meðalgreiðslan til leiðsögumannsins er 35.981 kr. og staðalfrávik er 33.532 kr. Hér voru svarmöguleikarnir gefnir upp í verðbilum eins og þegar spurt var um útgjöld vegna hreindýraveiðanna.


Einnig var spurt: Hversu ánægður eða óánægður varst þú með þekkingu og kunnáttu leiðsögumannsins?



Mynd 2. Ánægja með leiðsögumann

Eins og sést á mynd tvö er mikill meirihluti svarenda eða um 91% mjög ánægður eða ánægður með þekkingu og kunnáttu leiðsögumannsins. Þessi niðurstaða verður að teljast mjög jákvæð fyrir leiðsögumenn að mati greinarhöfundar.

Á mynd þrjú sést svarið við spurningunni: Er leiðsögumaðurinn þinn búsettur á Austurlandi?




Mynd 3. Búseta leiðsögumannsins

Á mynd þrjú sést að mikill meirihluti leiðsögumannanna er búsettur á veiðislóð eða um 87%. Það er mat greinarhöfundar að þetta skipti máli fyrir efnahag svæðisins að svona hátt hlutfall leiðsögumanna skuli vera af veiðisvæðinu. En samkvæmt upplýsingum á vef Umhverfisstofnunar (Umhverfisstofnun, 2010c) þá eru 87% hreindýraleiðsögumanna búsettir á Austurlandi og Austfjörðum .

Skotveiðar árið 2009

Í þessum hluta eru helstu niðurstöður spurninga sem snúa að skotveiðum almennt fyrir árið 2009, að hreindýraveiðunum undanskildum. Mynd fjögur sýnir annars vegar skiptingu landsins í 6 veiðisvæði. Ástæða þess er sú að þegar sótt er um nýtt veiðikort verður um leið að skila inn upplýsingum um veidda bráð, m.a. hvar á landinu bráðin var veidd. Hins vegar er búið að setja í grófum dráttum inn skiptingu póstnúmera á veiðisvæðin.



Mynd 4. Skipting í veiðisvæði og póstnúmer. Heimild UST (2010d). Breytingar eru frá höfundi greinarinnar


Þegar spurt var á hvaða veiðisvæði væri algengast að halda til veiða kom í ljós að svarendur veiddu oftast á því veiðisvæði þar sem þeir eru búsettir. Nánari sundurgreining á þessari spurningu sést á töflu þrjú hér að neðan.

Tafla 3. Búseta og á hvaða svæði er oftast er veitt

Búseta	Veiðisvæði					
	Svæði - VE	Svæði - VF	Svæði - NV	Svæði - NE	Svæði - AU	Svæði - SU
Póstnúmer 100-299	34,8%	8,9%	15,6%	4,6%	7,6%	28,5%
Póstnúmer 300-399	83,3%	4,2%	4,2%	4,2%	0,0%	4,2%
Póstnúmer 400-499	8,3%	91,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Póstnúmer 500-599	6,3%	6,3%	87,5%	0,0%	0,0%	0,0%
Póstnúmer 600-699	6,3%	0,0%	28,6%	57,1%	6,3%	1,6%
Póstnúmer 700-799	4,3%	0,0%	4,3%	0,0%	91,3%	0,0%
Póstnúmer 800-900	12,5%	0,0%	8,3%	4,2%	4,2%	70,8%

Þeir svarendur sem búsettir eru í póstnúmer um 100 – 299 veiða mest á veiðisvæði VE og þar á eftir á veiðisvæði SU en það svæði er það sem er næst veiðisvæðinu sem þeir búa á. Þessi hópur er sá eini sem heldur til veiða á öll svæðin eins og sést á töflunni. Mikill meirihluti annarra svarenda halda til veiða á svæði þar sem þeir eru búsettir. Undantekning eru þeir sem eru með búsetu í póstnúmerum 600 – 699 en á myndinni sést að þessi póstnúmer skiptast á milli veiðisvæða NV og NE.

Á mynd 5 sjást niðurstöður spurningarinnar: Hvaða tegund er algengast að þú veiðir?



Mynd 5. Algengasta bráðin

Á mynd fimm sést að grágæs er langalgengasta bráðin, í öðru sæti er síðan rjúpa og í þriðja sæti er heiðagæs. Þar á eftir eru svo endur og svartfugl. Aðrar tegundir eru minna veiddar. Það er mat greinarhöfundar að mikilvægt sé að gæta þess að ekki sé gengið of nærri þessum stofnum, sem mest er veitt úr þar sem þeir eru m.a. mikilvægir í tengslum við skotveiðitengda ferðapjónustu.

Í töflu fjögur eru niðurstöður spurningarinnar: Vinsamlega áætlaðu eftir bestu getu hversu miklu þú eyðir að meðaltali á hverju heildarveiðitímabili (hreindýraveiðiferðin undanskilin).

Tafla 4. Áætluð eyðsla á veiðitímabilinu

	Meðaltal í kr.	Staðalfrávik í kr.	N
Matur og drykkur	25.579	28.356	449
Gisting	8.990	19.278	411
Flugfar / áætlunarbíll	4.396	16.648	364
Eldsneyti	42.149	36.226	435
Leiga á bíl / sexhjóli	2.238	12.866	372
Leiga á landi til gæsaveiða	10.579	28.333	393
Veiðileyfi	9.008	23.519	398
Leiðsögn	4.269	15.477	383
Veiðibúnaður	27.936	32.799	419
Fatnaður	15.592	20.987	401
Minjagripir	1.472	8.147	372
Skyndihjálparbúnaður	1.485	6.956	377
Afþreying	3.191	8.554	391
Leiga á landi til rjúpnaveiða	1.695	7.355	382
Samtals	158.579		

Þegar tafla fjögur er skoðuð kemur í ljós að mestu er eytt í eldsneyti, þá í veiðibúnaði, mat og drykk og í fatnaði. Aðrir kostnaðarliðir eru lægri. Í töflunni sést að staðalfrávikid er hátt. Hér voru svarmöguleikarnir gefnir upp í verðbilum eins og í fyrri

spurningum varðandi útgjöld. Fjöldi svarenda er mismikill eftir kostnaðarliðum eða frá 372 til 449. Ef þessi meðaltöl eru lögð saman kemur í ljós að meðaleyðsla svarenda er 158.579 kr.

Árið 2001 birti Skotvís niðurstöður könnunar í tímariti sínu (Hjördís Andrésdóttir og Sigmar B. Hauksson, 2001), sem framkvæmd var meðal félagsmanna Skotvíss. Niðurstaða þeirrar könnunar leiddi í ljós að meðaleyðsla í skotveiðar var 69.000 kr. á þeim tíma þessi upphæð framreiknuð til dagsins í dag er 125.000 kr. (Hagstofa Íslands, 2010). Ekki er gott að bera þessa tölu saman við þá tölu sem kom fram í greininni hér að ofan um meðaleyðslu í skotveiðar árið 2009 (158.579 kr.) þar sem skýrsluhöfundur hefur ekki undir höndunum spurningalistann frá Skotvís.

Eldri gögn og samanburður

Í töflu 5 sjást niðurstöðurnar þegar spurt var hvort leigt hefði verið land til veiða á gæs og/eða rjúpu. Þar sést að 64,9% svarenda segjast aldrei leigja land til gæsaveiða og 82,9% leigja aldrei land til rjúpnaveiða. Talsverður munur er á fjölda þeirra sem leigja land til gæsaveiða annars vegar og hins vegar til rjúpnaveiða. Það er mat greinarhöfundar að sölubann á rjúpum og rjúpnaafurðum geti átt sinn þátt í þessum mun ásamt því að veiðitíminn hefur verið stytur úr 69 dögum niður í 18 daga á sex vikna tímabili (Umhverfisstofnun, 2010e).

Tafla 5. Leiga á landi til gæsa- og rjúpnaveiða

	Alltaf	Mjög oft	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Leiga á landi til gæsaveiða	3,3%	6,3%	4,2%	8,6%	12,8%	64,9%
Leiga á landi til rjúpnaveiða	1,6%	0,5%	0,7%	4,7%	9,6%	82,9%

Í könnun Skotvíss 2001 var spurt: hvort viðkomandi leigði land til rjúpna- og/eða gæsaveiða. Þá sögðust 10,4% svarenda leigja land til skotveiða. Hér er aukning í leigu á landi til veiða, að mati greinarhöfundar þótt ekki sé eins spurt í þessum tveimur könnunum.

Þegar spurt var hversu mikið greitt hefði verið fyrir veiðileyfi þá sögðust 58% svarenda hafa greitt fyrir veiðileyfi árið 2009. Í könnun Skotvíss 2001 kemur fram að tæplega 34% svarenda höfðu greitt fyrir veiðileyfi. Þarna er greinileg aukning milli þessara tveggja kannana þar sem eins er spurt í þeim báðum.

Tafla 6 sýnir útreikninga á tilbúnu dæmi sem birtust á Fræðaðingum landbúnaðarins 2006 (Sigríður Jóhannesdóttir o.fl., 2006). Hér er verið að leigja út land til gæsa-, rjúpna- og andaveiða.

Tafla 6. Tekjur af sölu veiðileyfa

	Fjöldi veiðileyfa á dag	Fjöldi daga	Verð á veiðileyfi	Tekjur
Gæsaveiðileyfi	2	7	7.000	98.000
Rjúpnaveiðileyfi	2	20	5.000	200.000
Andaveiðileyfi	1	5	5.000	25.000
Tekjur alls				323.000

Heildartekjur upp á 323.000 kr. árið 2006 eru 452.000 framreiknaðar til maí 2010 með því að nota breytingar á vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2006 til maí 2009 (Hagstofa Íslands, 2010).

Lokaorð

Meðaleyðsla í skotveiðar árið 2009 (hreindýraveiðar undanskildar) var 158.579 kr. Ef þessi upphæð er margfölduð með fjölda útgefna veiðikorta til aðila með íslenskt pósthfang (12.227) sama ár eru þetta um 1.938 milljónir.

Meðaleyðsla í hreindýraveiðar árið 2009 voru 217.496 kr. Þessi tala margfölduð með fjölda útgefna leyfa (1.333) er 289 milljónir kr. Ef kostnaður vegna veiðileyfis er undanskilinn er þessi upphæð 197 milljónir kr.

Áhugavert væri að framkvæma könnun meðal erlendra skotveiðimanna sem koma til veiða hér á landi. En 2009 var fjöldi útgefna veiðikorta til þessara aðila 194. Þessir aðilar þurfa að eyða fé í að koma sér til landsins, ferðir á veiðislóð, í gistingu, fæði og aðra þjónustu. Einnig má gera ráð fyrir að einhverjir þessara aðila dvelji hér á landi í einhvern tíma án þess að vera á veiðum. Þessi hópur væri væntanlega mjög áhuga-verður fyrir aðila í skotveiðitengdri ferðaþjónustu.

Eins og sést á töflu þrjú þá eru skotveiðimenn búsettir í 100-299 sá hópur sem heldur til veiða um land allt. Þetta er markhópurinn sem aðilar í skotveiðitengdri ferðaþjónustu koma væntanlega til með að einblína á.

Samkvæmt samanburði á könnuninni 2010 annars vegar og hins vegar 2001 þá er greinileg aukning í leigu á landi til skotveiða, sérstaklega til gæsaveiða. Einnig er greinileg aukning í kaupum á veiðileyfum á milli þessara kannana.

Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar til þess að meta efnahagslegan ávinning af skotveiðum í hinum dreifðu byggðum landsins. Þær geta væntanlega nýst aðilum í skotveiðitengdri ferðaþjónustu við uppbyggingu greinarinnar og greina hvar sóknarfærin liggja.

Heimildir

- Collis, J. og Hussey, R. (2003). *Business research: a practical guide for undergraduate and postgraduate students*. New York: Palgrave Macmillan.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Vísitala neysluverðs*. Sótt 10. júní 2010 af <http://hagstofan.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN10001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E9l%F6gum%2C+kyni%2C+r%EDkisfangi+og+%E1rsfj%F3r%F0ungum+2010%26path=../Database/mannfjoldi/Arsfjordingstolur/%26lang=3%26units=Fjoldi>.
- Helgi Valtýsson. (1945). *Á breindýraslóðum*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri hf.
- Hjördís Andrésdóttir og Sigmar B. Hauksson. (2001). Skoðanakönnun SKOTVÍS. *SKOTVÍS – fagrit um skotveiðar og útivist*, 7(1), 30-37.
- Ilieva, J., Baron, S. og Healey, N. M. (2002). Online surveys in marketing research: pros and cons. *International Journal of Market Research*, 44(3), 361-376.
- Náttúrufræðistofa Austurlands. (2010). *Hreindýr*. Sótt 1. september 2010 af http://na.is/index.php?option=com_content&view=article&id=12&Itemid=63.
- North hunt. (2010). *Velkomin(n) á heimasíðuna okkar*. Sótt 15. ágúst 2010 af <http://www.north-hunt.org/is/>.
- Sigríður Jóhannesdóttir, Eiríkur Blöndal og Árni Snæbjörnsson. (2006). Aukið hagrænt gildi skotveiðihlunninda. Átaksverkefni Búnaðarsamtaka Vesturlands. Í Ásdís Kristinsdóttir (ritstjóri), *Fræðing landbúnaðarins 2006* (bls. 45-49). Reykjavík: Bændasamtök Íslands.
- Skoðanakönnun SKOTVÍS. (2001). *Skotvís*, 7(1), 30-36.
- Skotveiðifélag Íslands. (2010). *Fjölgun breindýra*. Reykjavík: Höfundur.
- Umhverfisstofnun. (2010a). *Veiðidagbók 2010*. Reykjavík: Höfundur.
- Umhverfisstofnun. (2010b). *Kvóti 2009*. Sótt 1. september 2010 af <http://www.ust.is/Veidistjornun/Hreindyr/nr/5768>.
- Umhverfisstofnun. (2010c). *Leiðsögumenn með breindýraveiðum*. Sótt 6. mars 2010 af http://hreindyr.is/modules.php?op=modload&name=PagEd&file=index&topic_id=9&page_id=53.
- Umhverfisstofnun. (2010d). *Veiðisvæði*. Sótt 21. mars 2010 af <http://hreindyr.is/modules/PagEd/pictures/veidisvaedi.jpg>.
- Umhverfisstofnun. (2010e). *Umhverfisstofnun. Breytingar á fyrirkomulagi rjúpnaveiða*. Sótt 3. ágúst 2010 af <http://ust.is/Veidistjornun/frettir/nr/6233>.